

## REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 653/2014 um veiðar  
í atvinnuskyni fiskveiðíárið 2014/2015.**

1. gr.

Ákvæði 3. gr. a. við reglugerðina orðast svo:

Á árinu 2014 er íslenskum skipum heimilt að veiða 30,97 tonn af Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski miðað við afla upp úr sjó. Af þeim heimildum er 22 tonnum úthlutað til eins skips sem stundar veiðar með línu, 0 tonnum til báta sem stunda sjóstangaveiðar og 8,97 tonnum til að standa straum af hugsanlegum meðafla annarra íslenskra skipa, sbr. reglugerð um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. september 2014.*

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Arnór Snæbjörnsson.*

---

B-deild – Útgáfud.: 17. september 2014